



Björg Erlingsdóttir

Efni tíunda pistils:

- Samantekt í lok kjörtímabils
- Mannfjöldi og aldursdreifing
- Fjármál
- Tekjur
- Útgjöld
- Kveðja í lok kjörtímabils

Samantekt í lok kjörtímabils

Nú þegar stýttist í að kosið verði til sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps er rétt að fara yfir stöðu fjármála og helstu verkefni sem unnin hafa verið á yfirstandandi kjörtímabili. Tölur sem fylgja hér á eftir eru sóttar til Þjóðskrár, í ársreikninga Svalbarðsstrandarhrepps og til Hagstofu.

Skoðuð eru árin 2012-2021 og á þessum 9 árum má fá góða mynd af þróun mannfjölda, aldursdreifingu, tekjum sveitarfélagsins og gjöldum og skuldsetningu. Svona tölulegur pistill er ekki það skemmtilegasta til aflestrar en vonandi

fróðlegur og gefur góða mynd af rekstrarumhverfi sveitarfélagsins, afkomu og stöðu.

Í júní 2021 tóku gildi breytingar á sveitarstjórnarlögum þar sem kveðið er á um lágmarksíbúafjölda sveitarfélags. Þar kemur fram að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir 1.000 íbúar. Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, innan árs frá þeim sveitarstjórnarkosningum, leitast við að ná markmiðum skv. 1. mgr. með því að:


- hefja formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða
- vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um þau atriði sem fram þurfa að koma í álitum skv. b-lið 2. mgr. en þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúapróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.

Mannfjöldi og aldursdreifing

Hér er að finna helstu upplýsingar um mannfjölda í Svalbarðsstrandarhreppi 2009 – 2021. Upplýsingar eru sóttar á síðu hagstofa.is og miðað við mannfjöldatölur 1. desember ár hvert.

Árið 2009 voru íbúar 410, 190 konur og 220 karlar 46% konur og 54% karlar. Árið 2021 er fjöldinn 450, 210 konur og 240 karlar 46% konur og 54% karlar – sama hlutfall og árið 2009. Sama árabíl fjölgar íbúum í sveitarfélaginu um 9.75% en eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti er vöxturinn ekki jafn.




PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Árið 2014 má sjá breytingu á mannfjölda og er sú breyting að mestu rakin til framkvæmda við Vaðlaheiðargöng. Að sama skapi má sjá fækkun milli árána 2019 og 2020 þegar síðustu gangnamenn flytja lögheimili sín úr sveitarfélaginu. Árið 2013 eru 200 karlmenn skráðir í sveitarfélaginu og 180 konur, árið 2018 eru karlar 290 og konur 200 og árið 2021 eru karlar 240 og konur 210. Sveiflur í íbúafjölda eru því mestar í hópi karlanna og eins og áður sagði rekur við það til starfsmanna sem skráðir voru með heimili í sveitarfélaginu á framkvæmdatíma gangnagerðar og síðustu voru komnir af íbúaskrá árið 2020.


Þessi þróun sést vel á línuriti þar sem skoðaður er fjöldi erlendra ríkisborgara í sveitarfélaginu sem fer hæst í 120 erlendra ríkisborgara árið 2018 eða um 30% af íbúafjölda sveitarfélagsins. Árið 2009 var hlutfall erlendra ríkisborgara 8.43% og árið 2021 13.3%.



Á sama tíma er mannfjöldi á Íslandi eftirfarandi: árið 2009 er fjöldi íbúa 319.369 og árið 2021 er fjöldi íbúa 368.792 og fjölgun um 15,4% saman borið við 9,75% fjölgun íbúa í Svalbarðsstrandarhreppi.

Fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi sömu ár er eftirfarandi: árið 2009 er fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi 24.379 eða 7,6% íbúa. Árið 2021 er fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi 51.616 eða 14% af íbúafjölda landsins.

Þegar aldersdreifing íbúa Svalbarðsstrandarhrepps er skoðuð má sjá að á milli árána 1998 og 2018 fækkar börnum og íbúum yngri en 20 ára en fjölgar í aldurshópnum 50+. Þegar skoðuð er aldersdreifing íbúa Svalbarðsstrandarhrepps árið 2021 má sjá að 60% íbúa eru á aldersbilinu 26-66 ára, 33,2% eru á aldrinum 1–25 ára.




| | 1998 | | | 2018 | | |
|------------------|------|--------|-------|------|--------|-------|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| Alls | 342 | 185 | 157 | 483 | 284 | 199 |
| 0-9 ára | 63 | 30 | 33 | 54 | 29 | 25 |
| 10-19 ára | 66 | 38 | 28 | 55 | 28 | 27 |
| 20-29 ára | 37 | 23 | 14 | 85 | 51 | 34 |
| 30-39 ára | 67 | 34 | 33 | 69 | 50 | 19 |
| 40-49 ára | 42 | 25 | 17 | 68 | 41 | 27 |
| 50-59 ára | 26 | 14 | 12 | 77 | 46 | 31 |
| 60-69 ára | 18 | 8 | 10 | 42 | 21 | 21 |
| 70-79 ára | 12 | 8 | 4 | 22 | 14 | 8 |
| 80-89 ára | 7 | 3 | 4 | 9 | 3 | 6 |
| 90-99 ára | 4 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 |
| 100 ára og eldri | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Upplýsingar um mannfjölda og aldursdreifingu eru sóttar á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þjóðskrár og miðað er við 1. janúar í töflunni um hlutfall aldurshópa þannig að árið 2022 er með í þeim tölum.



Á heimasíðu Þjóðskrár, skra.is er að finna ýmislegt fróðlegt og má þar nefna mannfjöldaspá 2020-2069. Þar er gert ráð fyrir að íbúar landsins verði 461 þúsund (miðspá) árið 2069. Fjöldi íbúa landsins var 364 þúsund 1. janúar 2020. Í sömu spá er fjöldinn samkvæmt lágspá 393.578 og háspá 533.181 árið 2069. Þetta er þónokkur fjölgun, bæði vegna fólksflutninga og náttúrulegrar fjölgunar. Gert er ráð fyrir að fleiri fæðist en deyi allt spátímabilið samkvæmt háspá en miðspá gerir ráð fyrir að árið 2060 verði dánir fleiri en fæddir. Samkvæmt lágspá er gert ráð fyrir að fleiri deyi en fæðist árið 2037.

Á Íslandi verða aðfluttir fleiri en brottfluttir samkvæmt þessum spám og gangi spáin eftir verða helstu breytingar á aldursamsetningu mannfjöldans þær að árið 2037 verður 20% mannfjöldans eldri en 65 ára og árið 2064 25%. Ennfremur verða þeir sem eru eldri en 65 ára fleiri en þeir sem eru 19 ára og yngri frá árinu 2053, öfugt við það sem nú er. Árið 2022 er 25,4% íbúa í Svalbarðsstrandarhreppi yngri en 19 ára og 19,10% eldri en 60 ára, 8,6% eldri en 70 ára.

Þjóðin er að eldast og viðbúið að sama þróun verði hér á Svalbarðsströnd. Íslendingar eru nú og verða um sinn mun yngri en íbúar ríkja Evrópusambandsins að meðaltali. Árið 2060 er reiknað með að meira en þriðjungur Evrópubúa verði eldri en 65 ára en einungis um fjórðungur Íslendinga.

Þessi þróun segir okkur það að þjónustuhópurinn *eldri borgarar* á eftir að stækka umtalsvert á næstu árum. Þessi spá bendir okkur einnig á að mikilvægt er fyrir samfélagið okkar að hlúa að barnafjölskyldum og tryggja góða aðstöðu fyrir yngstu íbúa samfélagsins og tryggja hag barnafjölskyldna. Viðbúið er að á

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

næstu árum þurfi að leggja aukna áherslu á uppbyggingu þjónustu við báða hópa og byrja að undirbúa og vera viðbúin þessari breytingu á samsetningu íbúahópsins okkar. Við þurfum að byggja húsnæði, mennta starfsfólk og aðlaga umhverfi okkar að þessum breytingum. Um leið er rétt að við munum að fjölgun verður í öllum aldurshópum þó svo búist sé við að hún verði mest í þeim elstu.

Þetta er áhugaverður leikur að tölum en segir okkur hvernig hlutir komi mögulega til með að þróast, miðað við aldursamsetningu, lífslíkur, efnahag og samsetningu þjóðarinnar. Hópurinn sem vinnur fyrir skattþeningunum verður hlutfallslega minni eftir því sem árin líða og mikil breyting á þegar þessir hópar stækka úr því að vera innan við 40% af íbúafjölda yfir í að vera meira en 50% af íbúafjölda.

En það er ýmislegt annað sem finna má á síðu þjóðskrár. Þannig eru íbúar Svalbarðsstrandarhrepps, í mars 2022 446 og fækkar um 11 frá desember 2021. Meðalaldur er 38,1 ár, elsti íbúinn 85 ára og 85,7% íbúa eru íslenskir ríkisborgarar og 14,4% erlendir ríkisborgarar í mars 2022, 52,5% eru karlar og 47,5% konur, 0% kynsegin/annað.

Vinsælustu nöfnin eru Anna, Guðmundur, Helga, Pétur, Jón, Sigurður, Guðrún, Stefán, Helgi og Sigríður. Í sveitarfélaginu búa 10 Önnur, 7 Helgar, 6 Sigríðar og 10 Jónar.

Í Svalbarðsstrandarhreppi eru 141 íbúðir í sérbýli, 22 íbúðir í fjölbýli og 100 sumarhús. Meðal fermetraverð er 468.415 kr. Í Svalbarðsstrandarhreppi eru 35 lögbýli, eitt þeirra skráð sem eyðibýli.

Fjármál

Hér er að finna helstu upplýsingar um fjármál Svalbarðsstrandarhrepps undanfarin ár. Horft er til áranna 2012-2022. Síðustu tvö kjörtímabil, 2014-2018 og 2018-2022 hafa einkennst af framkvæmdum við uppbyggingu nýs hverfis á Svalbarðseyri, gatnagerð og byggingu íbúða. Upplýsingar eru sóttar í ársreikninga og á heimasíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga þar sem hægt er að finna samanburð milli sveitarfélaga. Ársreikninga Svalbarðsstrandarhrepps er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.svalbardsstrond.is en þar má einnig finna fjárhagsáætlanir, gjaldskrár og húsnæðisáætlanir.

Starfsemi sveitarfélagsins skiptist í A-hluta og B-hluta sem saman mynda samstæðu sveitarfélagsins. A-hluti merkir aðalsjóð sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum. Undir B-hluta falla stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Umfang B-hluta hjá Svalbarðsstrandarhreppi er ekki mikið eins og sést á þeim tölum sem fylgja, oftast er niðurstaðan úr samstæðunni sama og úr A-hluta með undantekningum sem geta t.d. verið vegna framkvæmda og fjárfestinga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé ávallt þannig hagað að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Framangreinda skyldu skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að samarlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samarlögðum reglulegum tekjum, og heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

150% af reglulegum tekjum. Þetta viðmið er kallað skuldaviðmið og eftir að lán var tekið árið 2021 er skuldahlutfall Svalbarðsstrandarhrepps 34,4% og vel innan þeirra marka sem sett eru. Árið 2020 var skuldahlutfall 9,7%, 9,1% árið 2019, 11,7% árið 2018 og 14,2% árið 2017. Skuldahlutfall á að vera komið undir 10% í lok árs 2022.

Tekjur

Frá árinu 1998 hefur útsvarsprósenta Svalbarðsstrandarhrepps verið í hámarksútsvarprósentu með undantekningu á árunum 2001-2004. Þetta þýðir að sveitarfélagið hefur fullnýtt þær heimildir sem sveitarfélagið hefur til innheimtu útsvars. Annar stór tekjuliður eru framlög Jöfnunarsjóðs. Jöfnunarsjóður starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga og eitt helsta hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga. Til grundvallar framlögum úr sjóðnum liggja lög, reglugerðir og vinnureglur. Sveitarstjórnarfolk hefur oft á orði að reglur sjóðsins við úthlutanir séu svo flóknar að illskiljanlegt sé og iðulega vitað í „þennan eina sem þekkir og skilur reglurnar – en hann sé nú kominn á eftirlaun eða yfir móðuna miklu“. Ein þumalputtaregla er þó ávalt við líði, framlög minnka fullnýti sveitarfélagið ekki tekjuliði sína.

Framlög sjóðsins skiptast í eftirfarandi þætti. Þegar kemur að sveitarfélagi eins og Svalbarðsstrandarhreppi eru framlög frá Jöfnunarsjóði helst vegna tekjujöfnunar og er þeim ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga. Reiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars. Annar stór liður í útreikningum Jöfnunarsjóðs er útgjaldajöfnunarframlag sem er ætlað til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld. Þetta geta verið framlög vegna fækkunar íbúa, fjölda þéttbýlisstaða, fjarlægða, skólaaksturs og aksturs fatlaðs fólks úr dreifbýli. Jöfnunarsjóður greiðir og framlög vegna reksturs grunnskóla, bæði almenn framlög, framlög vegna sérparfa nemenda og nemenda með íslensku sem annað tungumál.


Af þessu sést að tengsl eru á milli útsvarsprósentu og framlaga jöfnunarsjóðs. Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert er umræða í sveitarstjórn um álagningarprósentu útsvars, fasteignagjöld og önnur gjöld sem mynda tekjustofn sveitarfélagsins og eins og áður segir eru sterk tengsl á milli ákvörðunar um útsvarsprósentu og annarra tekjustofna. Á töflum sem fylgja hér að neðan má sjá að útsvarsprósenta hefur haldist í hámarki eins og fram kom hér að framan. Jafnframt má sjá að frá árinu 2012 hafa tekjur sveitarfélagsins rúmlega tvöfaldast, voru um 235 milljónir árið 2012 og tekjur ársins 2022 eru áætlaðar um 540 milljónir. Árið 2012 voru skatttekjur, fasteignaskattur og útsvar, um 70% af heildar tekjum og á áætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að skatttekjur standi undir um 66% af tekjum Svalbarðsstrandarhrepps.

Tekjur sveitarfélaga skiptast í útsvarstekjur, fasteignaskatta, framlög úr Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur með skattaígildi. Hér má sjá þróun á tekjustofnum sveitarfélagsins árin 2012-2021:

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS




Björg Erlingsdóttir



Dreifingu milli tekjustofna má sjá á næstu mynd. Árið 2021 sker sig úr og munar þar mest um hækkað framlag úr Jöfnunarsjóði sem má rekja til þess að fækkun varð á íbúum í sveitarfélaginu milli ára 2019/2020 og útreikningar Jöfnunarsjóðs taka mið af liðnum árum auk þess sem styrkir fengust fyrir ýmis verkefni og þá helst gerð göngu- og hjólastigs og sýningarinnar Tímahylkið þar sem verk nemenda í leik- og grunnskóla voru sýnd á Safnasafninu.

| Tekjur | 2012 | 2013 | 2014 | 2.015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | áætlun 2022 |
|--------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-------------|
| Útvar | 141.170 | 148.239 | 167.213 | 205.794 | 226.770 | 219.112 | 254.946 | 241.496 | 248.632 | 263.345 | 324.465 |
| Fasteignask | 18.807 | 21.581 | 22.142 | 25.398 | 27.435 | 32.004 | 40.501 | 44.507 | 47.231 | 52.522 | 40.802 |
| Jöfnunarsj | 68.923 | 66.408 | 61.673 | 76.234 | 81.418 | 94.074 | 118.742 | 132.341 | 126.950 | 162.508 | 174.000 |
| Aðrar tekjur | 27.902 | 26.465 | 23.926 | 31.569 | 34.463 | 34.772 | 34.392 | 61.107 | 48.957 | 51.473 | |
| | 256.802 | 262.692 | 274.954 | 338.995 | 370.086 | 379.962 | 448.582 | 479.451 | 471.770 | 529.848 | 539.267 |



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS




Björg Erlingsdóttir

Útgjöld

Þá snúum við okkur að útgjaldahliðinni. Þar er stærstur liður launa og launatengdra gjalda. Frá árunum 2012 hefur hlutfall launa og launatengdra gjalda hækkað úr 60% í 61% af tekjum sveitarfélagsins árið 2020 og lækkar í 57% árið 2021. Stærsti liður í rekstri sveitarfélagsins er fræðslumál/rekstur leik- og grunnskóla og af fjárveitingum til rekstur fræðslumála eru launaliðir um 65% útgjalda árið 2021.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu hefur launakostnaður stigið jafnt og þétt undanfarin ár og koma þar bæði inn hækkunir launa og fjölgun starfa. Frá árinu 2012 – 2021 fjölgaði stöðugildum um rúmlega helming, úr 22 stöðugildum í 34.5 stöðugildi. Hlutfall launa af tekjum er orðið 57% og rétt að benda á að breytingin milli áranna 2019 og 2021 stafar af hækkunum launa auk þess sem ráðnir voru starfsmenn tímabundið með stuðningi frá Fæðingarorlofssjóði og Vinnumálastofnun í tengslum við vinnumarkaðsátaks vegna COVID-19, auk þess sem verkefnastjóri var ráðinn vegna framkvæmda við lagningu göngu- og hjólastígs. Staða verkefnastjóra var því greidd 70% af Vegagerð og 30% af sveitarfélaginu. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins er í hærra lagi og markmið næstu ára er að ná þessu hlutfalli niður og kjörstaða er að halda hlutfalli launa af tekjum sem næst 50% markinu.



Að jafnaði eru laun og launatengd gjöld um helmingur af rekstrarkostnaði sveitarfélaganna. Því er mikilvægt að sveitarfélagið hafi gott yfirlit yfir stöðu sína hvað launakostnað varðar því miklu skiptir fyrir afkomu og rekstur sveitarfélagsins að hann sé innan eðlilegra marka. Sveitarfélagið vinnur eftir jafnlaunavottun og gildandi kjarasamningum og hefur þannig lítil áhrif á þá samninga, en fjölda starfsmanna og vinnutíma skipuleggur sveitarfélagið. Bæði leik- og grunnskóli eru vel mannaðir og flestar stöður skipaðar fagmenntuðum starfsmönnum. Með samanburði milli sveitarfélaga af áþekkri stærð er hægt að fá hugmynd um stöðu sveitarfélagsins og ef við horfum til nágretta okkar er hlutfall launa, launatengdra gjalda og lífeyrisskuldbindinga A-hluta í hlutfalli við tekjur eftirfarandi árið 2019:

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Sveitarfélag hlutfall af tekjum (fjöldi nemenda á hvert stöðugildi) hlutfall kennara með kennsluréttindi

Hörgársveit 46,2% (9,5)

Eyjafjarðarsveit 49% (7,9) 100%

Fjallabyggð 55,8% (8,5) 76,6%

Svalbarðsstrandarhreppur 60% (8,4) 100%

Dalvíkurbyggð 58,1% (9,7) 94,3%


Skútustaðahreppur 58,2% (6,1) 60,5%

Akureyrarkaupstaður 59,9% (12,0) 98,1%

Þingeyjarsveit 60,4% (5,7) 88,9%

Grýtubakkahreppur 60,6% (5,6) 89,9%

Norðurþing 63,5% (8,0) 72,7%




Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara er

nokkru minni hér á landi en að meðaltali OECD ríkjanna. Í þessari samantekt eru starfsfólk við kennslu allir kennarar, ekki stjórnendur og sérkennarar. Þegar samanburður milli sveitarfélaga er skoðaður er horft til stærðarhagkvæmni í skólarekstri, mun á mismunandi þjónustustigi, mun á þjónustuþyngd (sérþarfir barna), mun vegna landfræðilegra aðstæðna og samsetningu starfsfólks og aldursamsetningu kennara. Hjá stærstu sveitarfélögum landsins eru hlutfall nemendafjölda á bilinu 12-13 nemendur á kennara. Launakostnaður og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara dregur fram þann kostnaðarauka sem er við rekstur minni skólaeininga og færi er á að fjölga nemendum í Valsárskóla án þess að það eigi að hafa mikil áhrif á launakostnað málaflöksins. Við getum einna helst borið okkur saman við Eyjafjarðarsveit en bæði sveitarfélögin erum með 100% hlutfall kennara með kennsluréttindi, Svalbarðsstrandarhreppur er með fleiri nemendum á hvern kennara. Fjöldi nemenda og aldursdreifing starfsmannahópsins geta útskýrt þann mismun sem við sjáum á hlutfalli launa af tekjum en hér geta einnig tekjur sveitarfélagsins p. íbúa sem er 1.044.000 kr. í Eyjafjarðarsveit og 951.000 kr. í Svalbarðsstrandarhreppi haft áhrif. Kostnaður p. nemanda við rekstur grunnskóla í sömu sveitarfélögum er 2.002.000 kr. í Eyjafjarðarsveit og 2.664.000 kr. á nemanda í Svalbarðsstrandarhreppi, 3.049.000 kr. í Hörgársveit og á Akureyri 1.465.000 kr..

Það er endalaust hægt að velta tölum fyrir sér fram og til baka en þegar þessar tölur eru skoðaðar sést að hagkvæmni stærðarinnar, þjónustustig, aldursdreifing starfsamanna og aðrir þættir hafa afgerandi

áhrif á rekstur grunnskóla í Svalbarðsstrandarhreppi en skólahúsnæði og núverandi starfsmannafjöldi á að „pola“ fjölgun nemenda sem helst í hendur við stækkandi byggð. Um leið og hugað er vel að útgjaldaþáttum í rekstri fræðslumála standa vonir til þess að á næstu árum náum við að draga úr hlutfalli launakostnaðar og komast sem næst 50% markinu sem stefnt er að.





PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Á fyrstu 6 árum þessa tímabils (2012-2021) fjölgaði stöðugildum um 7 og á þessu kjörtímabili fjölgaði stöðugildum um 6,5. Fjölgun síðustu 10 ár er að mestu til komin vegna fjölgunar í leik- og grunnskóla og opunar ungbarnadeildar. Stjórnunarhlutfall hefur verið aukið í leik- og grunnskóla á þessu kjörtímabili. Árið 2017 voru 25 börn á leikskólanum, í febrúar 2022 voru börnin orðin 37.

Fjölgun nemenda í Álfaborg er gleðileg þróun en í Valsárskóla eru sveiflurnar meiri á milli ára. Árið 2017 voru nemendur 54 og stöðugildi 8, árið 2022 eru nemendur 50 og stöðugildi 12,78. Árið 2021 voru nemendur 48 og starfsgildi 13,32. Aukinn stuðningur við nemendur skýrir aukningu milli árána 2017 og 2022 sem sjá má á töflunni hér að neðan. Fækkun um eitt stöðugildi frá árinu 2021 er vegna flutnings tónlistarnáms til Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Hér er rétt að benda á mismæmi milli þeirra talna sem koma fram hér að ofan þegar starfsemi milli sveitarfélaga og reksturs skóla eru bornar saman og þar er iðulega miðað við stöður kennara og ekki allra starfsmanna skóla, stjórnendur, sérkennara og aðra starfsmenn.




PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum eigi bæði stöðugildum eftir að fjölga og kostnaður vegna reksturs leik- og grunnskóla að aukast. Nýverið voru samþykkt svokölluð farsældarlög frá Alþingi þar sem kveðið er á um að innan grunnskóla verði þjónusta til stuðnings börnum eflað til muna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi og án hindrana. Þannig miða ákvæði laganna að því að formfesta samstarf um veitingu þjónustu í þágu farsældar barna og skapa skilyrði til að unnt sé að bregðast fyrir við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með viðeigandi stuðning þegar þörf er á. Sveitarstjórn hefur fagnað þessum lögum um leið og sveitarstjórn er meðvituð um að viðbúið er að rekstur málaflöksins verður þyngri. Eins og sjá mátti á töflu um hlutfall launakostnaðar af tekjum sveitarfélagsins er stakkurinn þröngt sniðinn. Framundan er skoðun og útfærsla á því hvernig þessi þjónusta verður framkvæmd af hendi innan skólasamfélagsins á Svalbarðsströnd og hvernig skólastarfið verður mótað eftir þessum nýju áherslum í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög. Boðskapur laganna er að fyrir verði gripið inni og þjónustan færð nær barninu og fjölskyldu þess. Farsæld barnsins og fjölskyldunnar er hér í fyrirrúmi og að þjónustan verði aðgengileg í nærsamfélagi og aðgengileg fyrir en nú er.



Allt hnígur þetta að sömu niðurstöðu, íbúum í sveitarfélaginu þarf að fjölga og tekjustofnar sveitarfélagsins þurfa að vaxa. Verkefni sem ríkið er að setja á herðar sveitarfélaga, oft án þess að fjármagn fylgi, eru sveitarfélögunum þung og á það ekki eingöngu við um Svalbarðsstrandarhrepp. Lóðaframboð í Svalbarðsstrandarhreppi er ágætt, nýjar lóðir eru á Svalbarðseyri, í Sólheimum, Geldingsá og á Hallandi eru framkvæmdir framundan auk fleiri svæða í sveitarfélaginu.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Erfitt er að finna laust húsnæði í sveitarfélaginu en á næsta kjörtímabili verða 2 og 3 hluti Valsárhverfis skipulagðir og vonandi eykst framboð húsnæðis. Sveitarfélagið er félagi í nýrri húsnæðissjálfsseignarstofnun sem sveitarfélög á landsbyggðinni standa að. Á næstu misserum verður gengið frá stofnun félagsins en helsta markmið félagsins er að stuðla að uppbyggingu og framboði á almennum íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins. Öll sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins geta lagt íbúðir inn í félagið eða tekið þátt í uppbyggingu félagsins. Hlutverk félagsins er að ná fram stærðarhagkvæmni sem ekki næst í minni félögum og mæta eftirspurn á markaði sem félög innan helstu þéttbýliskjarna sinna ekki.

Svalbarðsstrandarhreppur stendur vel fjárhagslega, skuldaviðmið er lágt og síðustu ár hefur eignastaðan vaxið. Eðlilegt er að með auknum þunga í framkvæmdum, hvort sem um ræðir gatnagerð, viðhaldi bygginga og lóða eða byggingu íbúðarhúsnæðis sjái þess merki í ársreikningum og sveiflur í sjóðstreymi bera þess merki að síðustu ár hefur verið uppbyggingartími.

Sveitarfélög starfa eftir lögum, reglum og reglugerðum sem sett eru í þeim tilgangi að setja skýr viðmið um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga, tryggja formfestu og eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli kröfur um fjárhagslega sjálfbærni. Eins og áður segir er kveðið á um í sveitarstjórnarlögum að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum sé ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Sveitarstjórn hefur unnið mat á áhrifum þeirra fjárfestinga sem ráðist hefur verið í á kjörtímabilinu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að vinna sérstak mat á ákvörðun um fjárfestingu og áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag sveitarfélagsins. Árið 2017 var skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjur) 14,2%, árið 2018 11,9%, árið 2019 9,1%, árið 2020 9,7% og árið 2021 fer skuldahlutfall í 34,4%. Það ár var tekið lán vegna framkvæmda og gert er ráð fyrir að lánið verði að fullu upp greitt árið 2022.




PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS




Björg Erlingsdóttir

Fjárfestingar síðustu ára hafa verið fjármagnaðar með sölu eigna; fasteigna og lóða. Ráðgert var að taka lán í byrjun árs 2018 vegna byggingar íbúða í Tjarnartúni og gatnagerðar en með sölu eigna (tvær íbúðir í Laugartúni) og sölu nýrra íbúða í Tjarnartúni og Bakkatúni hefur náðst að fresta lántöku.



Eins og sést á töflunni hér að ofan, þar sem eignir eru teknar saman standa þær í rúmlega 1 milljarði í árslok 2021 og skiptist milli fastafjármuna (803 milljónir) og veltufjármuna (240 milljónir).

Fjárfestingahreyfingar eru breytingar á eignaliðum efnahagsreiknings á tímabilinu sem hafa áhrif á sjóðsstöðuna. Til minnkunar á handbæru fé koma til dæmis fjárfestingar í rekstrarfjármunum eða eignarhlutum í öðrum félögum, en sala þeirra eykur að sama skapi handbært fé.



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS




Björg Erlingsdóttir

Þegar fjárfestingahreyfingar eru skoðaðar er rétt að skoða fyrst stöðu á handbæru fé við árslok og enn eru árin 2012-2021 skoðuð. Handbært fé er t.d. sjóðir og bankainnistæður. Breytingar á handbæru fé eða sjóðseign er kallað sjóðstreymi. Eins og nafnið ber með sér streymir ýmist í sjóðinn eða úr honum. Þrennt hefur áhrif á sjóðsstöðu sveitarfélagsins: rekstrarhreyfingar, fjárfestingarhreyfingar og fjármögnunarahreyfingar.

Þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum fæst hversu mikilli peningamyndun reksturinn hefur staðið fyrir á tímabilinu og er niðurstöðutalan kölluð handbært fé frá rekstri. Þessi sjóðstreymistala er mikilvæg þegar verið er að meta virði sveitarfélagsins og hæfni til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum. Þannig hanga saman tekjur, skuldbindingar og fjárfestingar og geta sveitarfélagsins til framkvæmda metin út frá þessum þáttum eins og fram kom hér að ofan.


| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| A hluti Handbært fé frá rekstri alls | 35.600,000 | 33.609,000 | -8.198,000 | 30.260,000 | 47.885,000 | 48.228,000 | 73.516,000 | 63.948,000 | 24.256,000 | 30.104,000 |
| A o B hluti Handbært fé frá rekstri alls | 38.020,000 | 36.816,000 | -5.850,000 | 32.133,000 | 50.754,000 | 49.804,000 | 74.527,000 | 64.490,000 | 24.256,000 | 68.302,000 |



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir




Breyting á handbæru fé þarf að skoða út frá breytingum sem hafa átt sér stað vegna fjárfestinga- og fjármögnunarahreyfinga. Framkvæmdir við nýtt hverfi á Svalbarðsströnd hófust árið 2016 með lagningu Borgartúns og lagningu Tjarnartúns og seinna Bakkatúns árin 2017 og 2018. Byggingu Laugartúns 5-7 lauk árið 2016 og hafist var handa við byggingu parhúsa í Tjarnartúni 4 og 6 árið 2018. Vegagerð í Bakkatúni að húsum nr. 21 og 22 lauk sumarið 2021 og gert er ráð fyrir að götur verði malbikaðar sumarið 2022. Sumarið 2021 hófst bygging parhúsa við Bakkatún 18 og 20. Sveitarfélagið hefur selt eignir til að fjármagna framkvæmdir, gengið á handbært fé og tekið var lán hjá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga. Bygging fasteigna hefur staðið undir sér en kostnaður vegna gatnagerðar hefur verið fjármagnaður með sölu fasteigna, handbæru fé og nú síðast lántöku. Allar fasteignir sem byggðar hafa verið í Valsárhverfi hafa selst og niðurgreiðsla láns vegna gatnagerðar er hafin og verður lánið að fullu greitt þegar íbúðir verða afhentar í byrjun sumars 2022. Lóðasala hefur gengið vel og þegar þessi pistill er skrifaður er búið að skrifa undir 14 lóðaleigusamninga. Nýjar lóðir eru 28 og því helmingur þeirra kominn til nýrra eigenda. Mikil uppbygging er því framundan og ánægjulegt að segja frá því að 90% lóðarhafa eru nýir íbúar í sveitarfélaginu.

Fjárfestingar í gatnagerð færast í A-hluta og fjárfestingar í húsbýggingum í B-hluta. Á A-hluta færast einnig viðgerðir á húsnæði í eigu Svalbarðsstrandarhrepps og árin 2019, 2020 og 2021 hefur verið farið í miklar framkvæmdir í Álfaborg og Valsárskóla, vinnuaðstaða starfsfólks löguð, kaffistofur lagfærðar og útisvæði leikskólans lagað. Útisvæði ungbarnadeildar og svæði undir kastala eldri nemenda í Álfaborg voru endurnýjuð árin 2020 og 2021 og til stendur að halda áfram lagfæringum á lóð eldri nemenda í Álfaborg sumarið 2022. Þá er framundan uppsetning loftræstikerfis í Valsárskóla og í sumar verður haldið áfram að laga lóð leikskólans. Þegar töflurnar hér að neðan eru skoðaðar er það fjárfesting A- og B-hluta sem endurspeglar heildar fjárfestingu, A-hluta fjárfesting er hluti af þeirri heild.


PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir



Frá árinu 2012 og fram til ársins 2021 hefur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verið 721.700.000 kr. Árin 2012-2017 var fjárfesting 297.377.000 kr. og frá árinu 2018-2021 hafa verið miklar fjárfestingar í uppbyggingu nýs hverfis, gatnagerð og húsbýggingum og gerð- göngu og hjólastígs eða alls 424.323.000 kr.




PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Eignastaðan hefur að sama skapi breyst eins og farið var yfir hér að framan. Árið 2012 var eignastaða 620.263.000 kr. og árið 2021 var eignastaða 1.044.900 kr. eins og fram kom hér að framan. Á þessum árum hafa eignir vaxið um 454.363.000 kr. þar af 264.750.000 kr. frá árinu 2018.

Að lokum er yfirlit yfir þróun á veltufé frá rekstri árin 2012 – 2021. Þar sést hvernig samspilið á milli A- og B-hluta hefur áhrif á heildarniðurstöðuna þar sem söluverð seldra eigna í B-hluta hefur greinileg áhrif á heildar niðurstöðu og fjárfestingar í B-hluta skapa miklar sveiflur í efnahagsreikningi.



Kveðja í lok kjörtímabils

Vonandi hefur þessi pistill varpað ljósi á þróun í rekstri Svalbarðsstrandarhrepps síðustu árin. Eins og fram kom í upphafi er fólksfjölgun í sveitarfélaginu þó svo við eigum enn eftir að ná þeim fjölda sem var með lögheimili í sveitarfélaginu á meðan á framkvæmd við Vaðlaheiðargöng stóð yfir. Undantekning er fækkun á fyrstu mánuðum þessa árs en við ættum að ná dampi seinni hluta ársins þegar íbúar flytja í nýjar íbúðir í Bakkatúni. Umsóknir nýrra nemenda í Valsárskóla eru nokkrar og gott að fá nýja nemendur til okkar.

Á næstu árum bíða fjölmargar áskoranir í rekstri sveitarfélagsins og mikilvægt að fast sé haldið um gerð fjárhagsáætlana og horft nokkur ár fram í tímann við skipulagningu verkefna. Um leið og mikil uppbygging hefur verið síðustu árin hefur sveitarfélagið ekki farið varhluta af þeim erfiðleikum í rekstri sem fylgdu COVID bæði hvað varðar rekstur almennt en einnig aukinn launakostnað og þá helst vegna langtíma veikindaleyfa. Það er ekki hægt að kenna COVID um allt en sérstaklega í upphafi hafði COVID mikil áhrif sér í lagi á daglegt starf leik- og grunnskóla.

Markviss stjórn fjármála er lykilatriði í rekstri sveitarfélaga og staða Svalbarðsstrandarhrepps er góð þrátt

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

fyrir miklar framkvæmdir bæði í A- og B-hluta síðustu árin. Settar hafa verið reglur um framlagningu viðauka og reglur um fjárhagsáætlunarvinnu Svalbarðsstrandarhrepps. Miklu skiptir að vinna við fjárhagsáætlun sé nákvæm og nái vel utan um þau verkefni sem fyrirhuguð eru á komandi ári um leið og mikilvægt er að sveitarstjórn skipuleggi þau verkefni vel útfrá þeim fjármunum sem eru til skipta ár hvert.

Að lokum vil ég þakka íbúum Svalbarðsstrandarhrepps fyrir samstarfið á kjörtímabilinu sem er að ljúka og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir gott samstarf og samvinnu á tímum sem kröfðust mikils af okkur öllum. Framtíðin er björt, íbúum er að fjölga og fjárhagsstaða sveitarfélagsins sterk. En stórar áskoranir bíða og aukin verkefni frá ríki til sveitarfélaga setja rekstri sveitarfélaga þröngar skorður. Sameiningar sveitarfélaga er stórt verkefni sem bíður nýrrar sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélagsins en sú sveitarstjórn sem er að ljúka störfum hefur hafið þá vinnu, fengið íbúa til samtals, ýtt við nágrannasveitarfélögum og unnið valkostagreiningu þar sem kostir og ókostir hinna ýmsu leiða eru skoðaðir. Þá hefur mikill tími farið í að uppfæra reglur og samþykktir sveitarfélagsins og vinna við endurskoðun aðalskipulags er langt komin. Næsta sveitarstjórn verður ekki verkefnalaus enda stórir áfangar framundan í uppbyggingu gatna, viðhaldi bygginga og ákvörðun um framtíðar áherslur í uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Í fyrri pistlum hafa oft verið skemmtilegar myndir frá mannlífinu á Svalbarðsströnd en í þessum pistli er erfitt að finna myndir sem passa efninu enda töflur og gröf ekkert sérstakt augnayndi. Eitt stærsta og flóknasta verkefni sem unnið hefur verið á síðasta kjörtímabili, fyrir utan hönnun gatna og íbúðarhúsa auk framkvæmdar er sennilega lagning göngu- og hjólastígs frá Vaðlaheiðargöngum og til Akureyrar. Verkefnið bar brátt að og á skömmum tíma tókst að hanna, skipuleggja og framkvæma flókið verk á stuttum tíma. Enn er eftir að ganga frá yfirborði stígsins, byggja upp áningarstaði og snyrta næsta nágrenni stígsins. En stígurinn er kominn til að vera og vonandi verður búið að leggja göngu- og hjólastíg eftir þjóðveginum frá Akureyri og norður að hreppsmörkum við Garðsvík áður en langt um líður. Undirbúningur þeirrar vinnu er þegar hafinn og ýmsar áskoranir sem þar bíða. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir við lagfæringu varnargarðs á Svalbarðseyri og þegar þessum verkefnum lýkur ættu íbúar sveitarfélagsins að hafa eignast fjölbreyttari möguleika til útivistar og nemendur og starfsmenn leik- og grunnskóla ferðast öruggir á hjólum til og frá vinnu.

Það er ekki hægt að kveðja án þess að setja nokkrar ljósmyndir með sem endurspeglar sum þeirra verkefna sem unnin hafa verið á þessu kjörtímabili.



Það eru spennandi tímar framundan í sveitarstjórnarmálum og mikilvægt að íbúar Svalbarðsstrandarhrepps séu þátttakendur í því að móta framtíðina.

Enn og aftur takk fyrir samfylgdina síðustu fjögur ár.

Með kærri kveðju

Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps